

**98. fundur Menningar- og safnanefndar, haldinn í Lindinni Dalbraut 4,  
21. september 2021 og hófst hann kl. 18:15.**

**Fundinn sátu:**

Ólafur Páll Gunnarsson formaður, Guðríður Sigurjónsdóttir aðalmaður, Helga Kristín Björgólfsdóttir aðalmaður, Ingþór B. Þórhallsson aðalmaður, Guðmundur Claxton aðalmaður, Jónella Sigurjónsdóttir fulltrúi Hvalfjarðarsveitar og Sædís Alexía Sigurmundsdóttir skrifstofustjóri.

**Fundargerð ritaði:** Sædís Alexía Sigurmundsdóttir, skrifstofustjóri.

**Fyrir tekið:**

**1. 2102119 - Staða verkefna á Byggðasafninu í Görðum**

Skrifstofustjóri kynnir stöðu helstu verkefna á Byggðasafninu í Görðum.

Jónella Sigurjónsdóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

*Heimsóknum á Byggðasafnið hefur fjölgað á milli ára og heimsóttu rúmlega 2000 manns safnið í sumar. Nýr ratleikur safnsins vakti sérstaka ánægju meðal yngri kynslóðarinnar.*

*Vetraropnun tók við á safninu 16. september síðastliðinn og er nú einungis opið fyrir hópa sem bóka sig sérstaklega. Í vetur hafa m.a. 23 hópar bókað sig erlendis frá.*

*Menningar- og safnanefnd ræddi undir þessum lið um að mikilvægt er að stíga í þá vegferð að móta framtíðarsýn svæðisins og heildarmynd. Verður það áhersla nefndarinnar fyrir komandi ár.*

**2. 2105198 - Viðburðir 2021**

Yfirferð á stöðu viðburðahalds fyrir árið 2021.

*Skrifstofustjóri fór yfir með nefndinni stöðuna eftir viðburðarhald sumarsins. Nefndin er heilt yfir ánægð með hvernig staðið var að viðburðum í ár og vill um leið þakka Fríðu Kristínu Magnúsdóttur fyrir hennar aðkomu að undirbúningi og framkvæmd þeirra.*

*Nefndin fór yfir fjárveitingar og kostnað við verkefnastjórnun viðburða og felur skrifstofustjóra að koma á framfæri erindi nefndarinnar til bæjarráðs samkvæmt umræðum á fundinum vegna fjárhagsáætlunargerðar fyrir árið 2022.*

*Menningarhátíðin Vökudagar verður haldin daganna 28. október til 7. nóvember næstkomandi. Dagskrá hátíðarinnar er farin að taka á sig mynd og þeir sem vilja taka þátt geta haft samband með tölvupósti á netfangið [mannlif@akranes.is](mailto:mannlif@akranes.is). Sérstök áhersla verður lögð á barnamenningu og heilsu í ár. Nefndin mun opna fyrir umsóknir fyrir styrki sem styðja við áherslur nefndarinnar á Vökudögum.*

**3. 2109161 - Menningarverðlaun Akraness 2021**

Menningarverðlaun Akraness fyrir árið 2021 verða veitt í fimmtánda skiptið á Vökudögum í ár.

*Menningar- og safnanefnd samþykkir að opna fyrir tillögur um menningarverðlaun Akraness fyrir árið 2021.*

**4. 2102138 - 80 ára afmælisnefnd Akraneskaupstaðar**

Umræða um fyrstu skref í undirbúningi að 80 ára kaupstaða afmæli Akraneskaupstaðar þann 1. janúar 2022.

*Málið rætt og frestað til næsta fundar.*

Fundarmenn samþykktu fundargerðina með rafrænum hætti að fundi loknum.

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 21:30.**